
Ár 2013, fimmtudaginn 10. janúar kl: 17:00 kom bæjarstjórn Hveragerðis saman til fundar á skrifstofu bæjarins Sunnumörk 2, Hveragerði.

Fundinn sátu Eyþór H.Ólafsson, Unnur Þormóðsdóttir, Aldís Hafsteinsdóttir, Ninna Sif Svavarsdóttir, Elínborg M. Ólafsdóttir í forföllum Guðmundar Þórs Guðjónssonar, Róbert Hlöðversson og Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir.

Ennfremur sat fundinn Helga Kristjánsdóttir, skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð í tölvu.

Forseti bæjarstjórnar, Eyþór H. Ólafsson, setti fund og stjórnaði.

Leitaði hann eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

Dagskrá:

- 1. Heimsókn sýslumanns, umræður um löggæslumál á Suðurlandi.**
- 2. Fundagerðir.**
 - 2.1. Bæjarráðs frá 3. janúar 2013.
 - 2.2. Menningar- íþróttar- og frístundanefundar frá 12. desember 2012.
 - 2.3. Fasteignafélag Hveragerðisbæjar frá 12. desember 2012.
- 3. Viðmiðunartekjur vegna tekjutengds afsláttar fasteignaskatts og holræsagjalda til öryrkja og ellilífeyrisþega.**
- 4. Skipan starfshóps um fyrirkomulag sérkennslu í skólum bæjarins.**
- 5. Skuldbreyting lána Listasafns Árnesinga.**
- 6. Deiliskipulag Árhólma í Ölfusdal.**
- 7. Fundagerðir til kynningar;**
 - 7.1. Bæjarstjórnar frá 13. desember 2012.

Hér var gengið til dagskrár

1. Heimsókn sýslumanns, umræður um löggæslumál á Suðurlandi.

Á fundinn mættu Sýslumaðurinn á Selfossi, Ólafur Helgi Kjartansson og Þorgrímur Óli Sigurðsson aðstoðar yfirlögregluþjónn og ræddu um löggæslumál á Suðurlandi.

Bæjarstjórn þakkar greinargott erindi og góð svör við fyrirspurnum fundarmanna. Bæjarstjórn lýsir yfir þungum áhyggjum af þeim niðurskurði til lögregluembættisins í Árnessýslu sem þegar hefur orðið og þeim sem boðaður var á haustmánuðum. Bæjarstjórn skorar á stjórnvöld að embættinu verði tryggt fjármagn til að hægt sé að sinna löggæslu og öryggismálum í sýslunni með fullnægjandi hætti. Rétt er að benda á að fjármagn til embættisins er langt undir því sem eðlilegt er miðað við þann fjölda sem dvelur í sýslunni hverju sinni.

2. Fundagerðir;**2.1. Bæjarráðs frá 3. janúar 2013.**

Enginn tók til máls.

Liður 3.1 borinn upp sérstaklega og samþykktur samhljóða.

Fundargerðin að öðru leyti samþykkt samhljóða.

2.2. Menningar- íþrótta- og frístundanefndar frá 12. desember 2012.

Enginn tók til máls.

Bæjarstjórn óskar Hafsteini Valdimarssyni íþróttamanni Hveragerðis 2012, til hamingju með titilinn og óskar honum velfarnaðar í framtíðinni.

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

2.3. Fasteignafélag Hveragerðisbæjar frá 12. desember 2012.

Eftirtaldir tóku til máls: Róbert Hlöðversson og Aldís Hafsteinsdóttir.

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

3. Viðmiðunartekjur vegna tekjutengds afsláttar fasteignaskatts og holræsagjalds til öryrkja og ellilífeyrisþega.

Tillaga að viðmiðunartekjum vegna tekjutengds afsláttar fasteignaskatts og holræsagjalda til öryrkja og ellilífeyrisþega.

Niðurfellingin gildir einungis vegna þess húsnæðis sem viðkomandi býr sannanlega í.

Tekjur eru bæði launatekjur og fjármagnstekjur.

Vegna ársins 2013 / tekjur 2012

Lagt er til að viðmiðunartekjur hækki milli ára um 3,5% sem er í samræmi við hækkun bóta Tryggingastofnunar ríkisins.

Einstaklingar:

Tekur að	niðurfelling
2.193.000	100%
2.560.000	75%
2.925.000	50%
3.291.000	25%

Hjónafólk

Tekjur að	niðurfelling
3.298.000	100%
3.797.000	75%
4.299.000	50%
4.800.000	25%

Enginn tók til máls

Tillagan samþykkt samhljóða.

4. Skipan í starfshóp um fyrirkomulag sérkennslu í skólum bæjarins.

Á fundi fræðslunefndar þann 27. nóvember 2012 kom fram tillaga um að kannað yrði nánar með hvaða hætti sérfræðiþjónusta verði best sinnt í skólum bæjarins og beindi fræðslunefnd því til bæjarstjórnar að skipaður yrði starfshópur sem kanni kosti þess að sameina þá sérfræðiþjónustu sem veitt er í skólunum.

Enginn tók til máls

Bæjarstjórn samþykkir að eftirtaldir skipi starfshóp til að kanna kosti framangreindrar tillögu: Ninna Sif Svavarsdóttir, formaður fræðslunefndar, Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri, Halldóra Guðlaug Steindórsdóttir, Gunnar Baldursson, deildarstjóri sérkennslu við GÍH og Anna Kristín Sigurðardóttir frá HÍ sem jafnframt er ráðin ráðgjafi hópsins. Formaður fræðslunefndar er formaður starfshópsins og kallar hann saman til fyrsta fundar.

5. Skuldbreyting lána Listasafns Árnesinga.

Lögð fram ósk frá Listasafni Árnesinga að Bæjarstjórn Hveragerðis samþykki að veita einfalda ábyrgð á lántöku Listasafns Árnesinga hjá Lánasjóði sveitarfélaga.

Enginn tók til máls.

Bæjarstjórn Hveragerðisbæjar samþykkir hér með að veita einfalda ábyrgð vegna lántöku Listasafns Árnesinga, kt.511076-0729, hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð 15.500.000 kr., í samræmi við samþykka skilmála lánveitingarinnar sem liggja fyrir fundinum. Er ábyrgð þessi veitt sbr. heimild í 2. mgr. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, og er hún óskipt (insolidum) gagnvart kröfuhafa, en innbyrðis skiptist hún í hlutfalli við eignarhluti í Héraðsnefnd Árnesinga, sem er eigandi Listasafns Árnesinga. Til tryggingar ábyrgðinni standa tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sömu laga. Ábyrgðin tekur til allra greiðslna sem og hvers kyns kostnaðar sem hlýst af vanskilum. Er lánið tekið til að endurfjármagna óhagstæðari lán sem tekin voru árið 2003 til að fjármagna húsnæði listasafnsins, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Bæjarstjórnin samþykkir jafnframt að eignarhald að Listasafni Árnesinga og/eða Héraðsnefnd Árnesinga megi ekki fara að neinu leyti til einkaaðila á meðan lánið er ekki að fullu greitt.

Fari svo að Hveragerðisbær framselji eignarhlut í Listasafni Árnesinga og/eða Héraðsnefnd Árnesinga til annarra opinberra aðila, skuldbindur Hveragerðisbær sig til að sjá til þess að jafnframt yfirtaki nýr eigandi ábyrgð á láninu að sínum hluta.

Jafnframt er Aldísi Hafsteinsdóttur, kt. 211264-5009, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess að staðfesta f.h. Hveragerðisbæjar veitingu ofangreindrar ábyrgðar með áritun á lánessamninginn.

6. Deiliskipulag Árhólma í Ölfusdal;

Meirihluti bæjarstjórnar lagði fram eftirfarandi tillögu vegna deiliskipulags:

Í fjárhagsáætlun ársins 2013 er gert ráð fyrir 4 mkr til gerðar deiliskipulags. Í ljósi þessa leggur meirihluti bæjarstjórnar til að skipulags- og bygginganefnd verði falið að hefja þegar undirbúning að gerð deiliskipulags við Hengladalaá á reit nr. Þ5 – Árhólmar í Ölfusdal.

Samkvæmt aðalskipulagi er á reitnum gert ráð fyrir svæði fyrir þjónustustofnanir sem einkum er ætlað að þjóna útivist. Á svæðinu má einnig gera ráð fyrir uppbyggingu rannsókna og fræðasetra.

Eyþór H. Ólafsson
Unnur Þormóðsdóttir
Elínborg M. Ólafsdóttir
Aldís Hafsteinsdóttir
Ninna Sif Svavarsdóttir

Eftirtaldir tóku til máls: Róbert Hlöðversson og Eyþór H. Ólafsson

Tillagan samþykkt samhljóða.

7. Fundagerðir til kynningar;

7.1. Bæjarstjórnar frá 13. desember 2012.

Fundargerðin upp lesin og samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:25

Eyþór H. Ólafsson, (sign)

Róbert Hlöðversson, (sign)

Unnur Þormóðsdóttir, (sign)

Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, (sign)

Elínborg M. Ólafsdóttir, (sign)

Aldís Hafsteinsdóttir, (sign)

Ninna Sif Svavarsdóttir, (sign)

Helga Kristjánsdóttir, (sign)